

ÞAÐ BORGAR SIG AÐ SÆÐA KÝRNAR OG KVÍGURNAR

Rökin fyrir notkun heimanauta eru oft þau að það sé þægilegt og ódýrt. Til þess að sjá hvort þessi rök standist er fróðlegt að skoða hvað gefa dætur heimanauta af sér miðað við dætur sæðingana. Við skoðun á niðurstöðum skýrsluhalds nautgriparæktarinnar fyrir árið 2007 á Suðurlandi kemur í ljós að meðalnyt kúa sem voru á skýrslu reyndist eftirfarandi:



Tafla 1. Meðalnyt flokkuð eftir faðerni

Faðerni	Mjólk, kg
Sæðinganaut	5.730
Heimanaut/ófeðrað	5.533

Einungis kýr sem voru á skýrslu allt árið eru reiknaðar með í meðaltölunum.

Ef við reiknum nú hve miklu munar á tekjum á búi með 40,0 árskýr eftir því hvert faðerni kúnna er kemur í ljós allmikill munur. Miðað er við lágmarksverð mjólkur eins og það er í dag, 71,13 kr/l.

Tafla 2. Tekjur eftir faðerni kúnna

Faðerni	Tekjur af mjólk/kú	Heildartekjur af mjólk
Sæðinganaut	407.575	16.303.000
Heimanaut/ófeðrað	393.562	15.742.480
Mismunur	19.490	560.520

Eins og sjá má í töflunni hér að ofan hefur bóndi með 40 árskýr og allar kýr undan sæðinganautum 560.520 kr. meiri tekjur á ári en bóndi með sama kúafjölda og allar kýr undan heimanautum eða ófeðraðar.

Augljóslega er meiri vinna fólgin í því að sæða kýrnar. Fylgjast þarf með beiðsli, taka kýrnar frá og svo velja nautið. Í mörgum tilvikum er bóndinn einnig við og aðstoðar við sæðingu. Reikna má með að 0,5 klst. á dag í eftirlit og beiðslisgreiningu hjá kúnum og annað eins ef kvígurnar eru sæddar. Þá má reikna með 0,5 klst./dag þá daga sem sætt er í aðstoð við sæðingu og nautaval.

Í töflunni hér að neðan eru ofangreindar forsendur notaðar auk þess sem gert er ráð fyrir 30% endurnýjunarhlutfalli, þ.e. fyrir 40 kýr þarf 12 kvígur til endurnýjunar á ári.

Tafla 3. Hagnaður af því að nota sæðingar en ekki heimanaut

	Hagnaður á ári, kr.	Hagn. á vinnustund við beiðslisgr. o.þ.h., kr.
Allar kýr og kvígur sæddar	560.520	1.367
Allar kýr sæddar, heimanaut á kvígurnar	274.846	1.258

Eins og sjá má er eftir töluverðu að slægjast með því að nota sæðingar og launin jafnast á við 218-236 þús. kr. mánaðarlaun.

Einnig má benda á aðra galla við notkun heimanauta:

- Naut geta verið erfið í meðförum og beinlínis hættuleg
- Engin trygging er fyrir því að nautið sé frjótt
- Engir eða litlir möguleikar á að para gripi saman eftir eiginleikum kúnna/nautsins

Þá eru ýmsir aðrir hagrænir annmarkar á notkun heimanauta sem ekki eru reiknaðir inn í dæmið hér að ofan:

- Minni erfðaframarir
- Fleiri dauðfæddir kálfar
- Hætta á aukinni skyldleikarækt og þar með minni nyt, lakari frjósemi o.s.frv.
- Væntanleg burðardags. óþekkt og þar með geldstöðufóðrun ómarkviss sem getur leitt til:
 - Minni nythæðar, 1,0-2,5 kg mjólk/dag á kú
 - Aukin tíðni sjúkdóma um burð
 - Lakara júgurheilbrigði og hærri frumutala

Þá er ótalin sú aukning sem verður í erfðafrámörum fyrir kúastofninn í heild sinni og skiptir verulegu máli auk þess sem markviss notkun sæðinga er liður í góðri bústjórn og stýringu á burðartíma kúnna.

SÆÐINGAR ERU HVERRAR KRÓNU VIRÐI!